

Nr. 17/1998.

Mánudaginn 1. febrúar 1999.

Alþýðusamband Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkalýðsfélagsins Einingar f.h.
Hauks Konráðssonar

(Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.**Samtaka fiskvinnslustöðva f.h.****Útgerðarfélag Akureyringa hf.**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Frávísun. Dómsvald Félagsdóms.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 13. janúar sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gylfi Knudsen, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsen.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensás-vegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, kt. 510169-2399, Skipagötu 14, Akureyri, f.h. Hauks Konráðssonar, kt. 280733-3189, Skarðshlíð 26f, Akureyri.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva, kt. 541288-2799, Austurstræti 18, Reykjavík f.h. Útgerðarfélag Akureyringa hf., kt. 670269-4429, Fiskitanga, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda.

Að dæmt verði að greiða beri 60% álag á vaktakaup ef unnar eru viðstöðulaust næturvaktir frá og með sjöundu nóttu, sbr. grein 20.10.2. í aðalkjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands.

Að dæmt verði að greiða beri yfirvinnukaup, er 173,3 vinnustundum á einum mánuði er náð, fyrir þær stundir sem umfram eru.

Að stefndu verði dæmd til greiðslu málskostnaðar auk álags er nemi virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda.

Að öllum kröfum stefnanda verði hafnað. Þá gerir stefndi kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi, Haukur Konráðsson, var ráðinn sem næturvaktmaður í skipum stefnda, Útgerðarfélags Akureyringa hf., þann 23. júní 1990 en stefnandi hafði áður verið sjómaður á skipum stefnda. Störfum stefnanda var þannig hagað að hann stóð vaktir þegar skip stefnda voru í landi. Um var að ræða 12 tíma vaktir frá kl. 19:00 á kvöldin til kl. 7:00 á morgnana. Stefnanda var sagt upp störfum með uppsagnarbréfi 26. febrúar 1997 og hætti störfum með starfslokasamningi 1. mars 1997.

Stefnandi kveður það hafa verið algengt að hann væri að vakta 2-3 skip í einu og oftast en ekki hafi hann unnið í striklotu í hálfan mánuð til þrjár vikur án þess að fá hvíldardag og fyrir hafi komið að stefnandi hafi unnið heilan mánuð án frívaktar.

Stefnandi byggir á því að um kjör vaktmanna hafi verið samið í aðalkjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands í XX. kafla en um störf stefnanda hafi gilt ákvæði í undirkafla 20.10. en samkvæmt grein 20.10.1. skuli greiða 17 dagvinnueiningar fyrir hverja 12 tíma vakt. Þá segir í grein 20.10.2. að fyrir 7. vakt greiðist 60% álag á vaktakaupið og í grein 20.10.2.1. að á stórhátíðardögum greiðist 80% álag á vaktakaupið.

Stefnandi telur að laun hans hafi ekki verið rétt út reiknuð samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins. Skilningur hans á ákvæðum kjarasamningsins hafi verið sá að ef um samfellda vinnu var að ræða í fleiri en sex daga skyldi greiða allar nætur umfram það með 60% álagi þar til hvíld fengist. Þá hafi stefnandi aldrei fengið greidda yfirvinnu á þær stundir sem hann hafi unnið fram yfir 173,3 stundir á mánuði eða þær stundir sem unnar voru fram yfir 40 stunda dagvinnu á viku.

Stefnandi hafi gert athugasemdir við launaútreikning stefnda og samningaviðræður hafi átt sér stað á milli aðila án þess að samkomulag tækist. Upp hafi komið ágreiningur um túlkun á kjarasamningsákvæði greinar 20.10. og þess vegna hafi málið verið lagt fyrir Félagsdóm til úrlausnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Varðandi 60% álag:

Stefnandi byggir á því að grein 20.10.2. í aðalkjarasamningi eigi að skilja svo að 60% álag sem greitt sé vegna sjöundu næturinnar verði að greiða áfram ef unnið sé á næturvöktum viðstöðulaust frá sjöundu nóttinni án hvíldar. Álagið beri því að greiða þangað til hvíldardagur fæst.

Ákvæðið sem eigi sér langa sögu í kjarasamningum sé frá þeim tíma þegar álag hafi verið hugsað sem refsing til handa vinnuveitanda en umbun til handa starfsmanninum ef ekki var hægt að tryggja starfsmanninum hvíldardag og honum gert að vinna viðstöðulaust. Þegar fyrir liggur að atvinnurekandi þurfi að óska eftir því að starfsmaður vinni viðstöðulaust lengur en sex daga hafi atvinnurekandi því um tvennt að velja; annars vegar að greiða sérstaklega fyrir það með álagi þar til hvíldardagur fæst eða hins vegar að sjá til þess að starfsmaður fái hvíldardag.

Þessi hugsun eigi sér einnig stoð í grein 20.3.3. í almenna kaflanum um vaktmenn þar sem segir að álag vegna vakta sem staðnar séu allan sólarhringinn alla daga vikunnar skuli vera 33% og 42% jafnaðarálag á unna stund, ef vaktir séu staðnar frá kl. 16:00 til 8:00 svo og á laugar- og sunnudögum auk þess sé sérstaklega umbunað skv. grein 20.4.1. með aukafrídögum ef vaktir hafi verið gengnar alla daga ársins.

Þá vísar stefndi til þess að samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 séu ákvæði kjarasamninga lágmarkskjör og að ekki sé hægt að semja um lakari kjör en kjarasamningar kveði á um og að lakari kjör sé hægt að ógilda.

Varðandi yfirvinnu eftir 173,3 dagvinnutíma á mánuði:

Stefnandi byggir á því að samkvæmt lögnum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971 skuli vinnuvikan ekki vera lengri en 40 dagvinnustundir. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga skuli greiða yfirvinnu þegar vinnustundir hafi náð 173,33 dagvinnustundum á mánuði. Samkvæmt grein 20.3.6. í kaflanum um vaktmenn segir að vaktir sem starfsmenn taki að sér utan vaktskrár, sem svari til 173,33 stunda á mánuði, greiðist sem yfirvinna.

Stefnandi hafi ekki verið með fastar vaktir samkvæmt vaktskrá heldur staðið vaktir þegar skip stefnda voru í landi. Þrátt fyrir það hafi stefnda borið að greiða stefnanda yfirvinnukaup þegar unnar

stundir stefnanda voru orðnar 173,33 á mánuði í samræmi við lög og kjarasamninga.

Þá bendir stefnandi á varðandi báðar dómkröfurnar, að stefndi hafi þegar viðurkennt greiðsluskyldu sína með því að hafa ítrekað boðið stefnanda greiðslu til að hann falli frá frekari kröfum. Boð stefnda hafa hins vegar ekki nægt til að bæta stefnanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir sbr. útreikning stefnda á vanefndum fyrir síðasta starfsár stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvæði greinar 20.10.2. beri að skilja í samræmi við skýrt orðalag samningsákvæðisins. Þar sé kveðið á um það að fyrir 7. vakt skuli greiðast 60% álag á vaktkaupið. Álagið beri þannig að greiða fyrir 7. vakt nótt á hverju 7 daga tímabili en ekki umfram það. Sá skilningur sé í samræmi við hugsunina að baki ákvæðinu, sbr. eldri samninga, og áratuga óslitna framkvæmd stefnda. Kröfu stefnanda um að greiða beri 60% álag á vaktakaup ef unnar séu viðstöðulaust næturvaktir frá og með sjöundu nóttu sé alfarið hafnað af hálfu stefnda. Slík túlkun eigi sér hvorki stoð í kjarasamningi aðila né framkvæmd. Því er jafnframt mótmælt sem röngu og ósönnuðu að skilningur á fyrrgreindu ákvæði hafi verið að ef um samfellda vinnu væri að ræða í fleiri daga en sex skyldi greiða allar nætur umfram það með 60% álagi þar til hvíld væri náð.

Það sé einnig rangt að skilningur stefnanda eigi sér stoð í gr. 20.3.3. og 20.4.1. í kaflanum um almenna vaktmenn. Hin sérstaka reikniregla gr. 20.10. varðandi vaktmenn í skipum sé án nokkurra tengsla við reglur samningsins um almenna vaktmenn.

Varðandi kröfu stefnanda um að greiða beri yfirvinnukaup fyrir þær stundir sem unnar séu umfram 173,33 vinnustundir á einum mánuði vísast til reiknireglu greinar 20.10.1. Sýknukrafa stefnda er á því byggð að greinin hafi að geyma tæmandi reiknireglu varðandi greiðslu fyrir hverja 12 klst. vakt á tímabilinu 20:00-08:00 án tillits til þess heildartíma fjölda sem skilað sé. Við útreikning meðaltalskaupsins sé miðað við vaktir 7 daga í viku. Því verði ekki séð að rök séu til þess að greiða yfirvinnukaup eftir almennum reglum þegar 173,33 klst. hafi verið skilað. Þá væri a.m.k. að hluta til um tvígreiðslu að ræða. Ákvæði gr. 20.3.6. eigi heldur ekki við um vaktmenn í skipum. Það sé síðar til komið og takmarkist alfarið við al-

menna vaktmenn sem taki álagsgreiðslur samkvæmt ákvæðum gr. 20.3.3.

Stefnanda, Hauki Konráðssyni, hafi auk þess verið óskýlt að vinna allan þann fjölda vakta sem hann hafi tekið að sér og án at-
hugasemda eða fyrirvara varðandi greiðslufyrirkomulag.

Viðbrögð stefnanda, bæði Verkalýðsfélagsins Einingar og Hauks Konráðssonar, staðfesti einnig skilning stefnda. Engar kröfur vegna framkvæmdar stefnda á gr. 20.10. voru hafðar uppi fyrr en með kvörtunum Hauks í byrjun árs 1997 eða skömmu fyrir starfslok hans.

Stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf., hafi aldrei fallist á eða viðurkennt skilning stefnanda á fyrrgreindum samningsákvæðum. Félagið leitast hins vegar við að ná sáttum við starfsmenn sína. Þar sem stefnandi hafði starfað lengi hjá fyrirtækinu og rækt störf sín af samviskusemi tók félagið því upp viðræður við hann um frekari greiðslur í þeirri von að unnt yrði að ljúka málinu í sátt. Þess ber jafnframt að geta að samkvæmt starfslokasamningi voru stefnanda greidd laun í sex mánuði eftir að hann lét af störfum hjá stefnda.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til kjarasamnings VMSÍ og VSÍ gr. 20.10. og 1.8.1. Um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðerð einkamála, 129. og 130. gr.

Niðurstaða.

Eins og málavöxtum er lýst í stefnu snýst mál þetta um launa-
kröfu stefnandans, Hauks Konráðssonar, á hendur stefnda, Útgerð-
arfélagi Akureyringa hf., en stefnandi starfaði sem vaktmaður um
borð í skipum stefnanda frá árinu 1990 til febrúarloka 1997, er gerð-
ur var starfslokasamningur við hann. Kveður stefnandi að stefndi
hafi ekki greitt sér laun í samræmi við kjarasamning á þeim tíma er
hann starfaði hjá stefnda. Framlögð gögn í málinu snúast að veru-
legu leyti um þessa launakröfu stefnanda.

Meginkrafa stefnanda hér fyrir dómi er tvíþætt. Annars vegar „að
dæmt verði að greiða beri 60% álag á vaktakaup ef unnar eru við-
stöðulaust næturvaktir frá og með sjöundu nóttu, sbr. grein 20.10.2. í
aðalkjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verka-
mannasambands Íslands“ og hins vegar „að dæmt verði að greiða
beri yfirvinnukaup, er 173,3 vinnustundum á einum mánuði er náð,
fyrir þær stundir sem umfram eru“. Til stuðnings kröfugerð sinni
hefur stefnandi lagt fram kjarasamning milli Verkamannasambands

Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins sem gildir frá 24. mars 1997, þ.e. kjarasamning sem tók gildi eftir að stefnandi hætti störfum hjá stefnda. Einnig hefur verið lagður fram samningur milli Verkamannasambandsins og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 sem gilda átti til 1. desember 1978 samkvæmt gr. 23.3. í samningnum. Orðalag ákvæðis í fyrrnefnda samningnum um kaup og kjör vaktmanna í skipum er með öðrum hætti en í þeim síðarnefnda að því frátöldu að fyrir 7. vakt greiðist 60% álag á vaktakaupið. Ekki er vitað hvenær orðalaginu var breytt í það horf sem það er í nú. Þannig liggur ekki fyrir í málinu hvernig hið umdeilda ákvæði hljóðaði í þeim kjarasamningum sem í gildi voru á starfstíma stefnanda hjá stefnda.

Kröfur stefnanda í þessu máli miða að því að fá viðurkenningu um túlkun á nánar tilgreindum ákvæðum kjarasamnings. Ekki er þó ljóst hver sá kjarasamningur er, en sýnt er að kröfur stefnanda á hendur stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., verða ekki byggðar á þeim kjarasamningi sem stefnandi hefur lagt fram í málinu. Þá er krafa stefnanda á hendur stefnda í reynd krafa um greiðslu á vangreiddum launum. Samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála ber að reka mál fyrir almennum dómstólum landsins, nema þau séu sérstaklega undanþegin þeirri málsmeðferð. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er verkefni Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms, sem er sérdómstóll, ber að túlka þröngt. Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður ekki talið að kröfugerð stefnanda sé dómhæf, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d- og e- liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, auk þess sem telja verður, eins og málið er lagt fyrir Félagsdóm, að það falli ekki undir valdsvið dómsins. Ber því samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 að vísa málinu frá Félagsdómi án kröfu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Alþýðusamaband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Einingar f.h. Hauks Konráðssonar, greiði stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva f.h. Útgerðarfélags Akureyringa hf., 100.000 krónur í málskostnað.
